

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Langanesbyggðar, nr. 1080/2006.

20. tl. B-liðar 57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Landbúnaðarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi fyrir landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar. Nefndin fer með yfirstjórn fjallskila- og riðumála í sveitarfélaginu skv. lögum og reglugerðum þar um, ásamt fleiri verkefnum á sviði landbúnaðarmála skv. erindisbréfi. Nefndin tilnefnir búfjáreftirlitsmann og annan til vara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Undir landbúnaðarnefnd heyra tvær aðskildar fjallskilaneindir, fjallskilanefnd vestri (fyrrum Þórshafnarhrepps) og fjallskilanefnd eystri (fyrrum Skeggja-staðahrepps). Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í hvora. Þrír fulltrúar í landbúnaðarnefnd skulu jafnframt eiga sæti í fjallskilanefnd vestri og tveir skulu eiga sæti í fjallskilanefnd eystri. Sami háttur skal hafður á varðandi ákvörðun varamanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. desember 2007.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.